

Blöðruprýstingsmæling hjá fullorðnum

Blöðruprýstingsmæling er lífeðlisfræðileg rannsókn sem metur starfsemi þvagblöðru. Rannsóknin tekur 60–90 mínútur og fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut. Tvö skjöl (vökva- og þvaglátaskrá og spurningalisti) eru send rafrænt í Heilsuveru sem nauðsynlegt er að fylla út samkvæmt leiðbeiningum.

Undirbúningur fyrir rannsókn

- Fylla þarf út vökva- og þvaglátaskrá. Skrá þarf vökvainntekt og þvagmagn í tvo sólarhringa. Mikilvægt er að skráningin fari fram allan sólarhringinn þessa tvo daga. Mæla þarf þvagmagnið í millilítrum með mælikönnun því nákvæm skráning er mikilvæg svo unnt sé að greina vandamálið.
- Senda þarf útfyllta vökva- og þvaglátaskrá á netfangið: gongudeild11a@landspitali.is eða koma með hana á göngudeild þvagfæra 11A. Þegar gögnin hafa borist deildinni verður haft samband og tími gefinn hjá hjúkrunarfræðingi í rannsókn.
- Spurningalistanum er hægt að svara rafrænt eða hægt að koma með hann útfylltan í tímann.
- Hafa þarf samband við ritara 11A í síma 543 7100 ef vandamál koma upp varðandi móttöku eða sendingu vökva- og þvaglátaskrár eða spurningalista.
- Tveimur vikum fyrir rannsókn þarf að hætta töku lyfjanna: **Oxybutynin (Ditropan), Detrusitol, solifenancin (Vesicare), Betmiga og Toviaz.**

Ekki er hægt að gera rannsóknina meðan á blæðingum stendur eða ef þvagfærasýking er til staðar. Ef grunur er um þvagfærasýkingu þarf að fara með þvagsýni á heilsugæslustöð, helst um 10 dögum fyrir meðferð eða hafa samband við 11A. Ef þvagfærasýking greinist þarf meðferð með sýklalyfjum að vera lokið eða hafin að minnsta kosti þremur dögum fyrir rannsókn. Hafa þarf samband við deildina ef þörf er á að breyta tímabókun.

Rannsóknardagur

- Nauðsynlegt er að vera búinn að senda rafrænt eða koma með útfylltan spurningalista um þvaglát til að hægt sé að gera rannsóknina.
- Við komu á 11A þarf að vera þvag í þvagblöðrunni til að hægt sé að gera þvagflæðimælingu og meta blöðrutæmingu.

Framkvæmd rannsókna

Hjúkrunarfræðingur framkvæmir rannsóknina. Grannur rannsóknarleggur er þræddur upp þvagrásina í þvagblöðru. Í gegnum legginn er vatni dælt rólega inn í þvagblöðruna og þrýstingur þar mældur. Einnig er settur grannur leggur í endaparm sem mælir þrýsting fyrir utan þvagblöðruna. Meðan á rannsókn stendur er skráð hvenær þörf fyrir þvaglát byrjar og hvenær sjúklingi verður mál.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina. Ef gerðar eru frekari rannsóknir getur bæst við kostnaður vegna þeirra. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A, sími 543 7100.